

Efnisyfirlit

Formáli	2
1. Leikskólinn.....	2
2. Uppeldis- og menntastefna leikskólans.....	3
2.1 Hugmyndafræði Berit Bae – Gagnvirkniskeningin.....	3
2.2 Hugmyndafræði John Dewey	3
2.3. Mannauðsstefnan.....	3
3. Markmið leikskólans	4
4 Daglegt líf í leikskóla	4
4.1 Móttaka barna	5
4.2 Morgunstund	5
4.3 Val	5
4.4 Hópastund.....	6
4.4.1 Könnunarleikurinn fyrir yngstu börnin	6
4.5 Smiðjan	6
4.6 Samverustund	7
4.7 Matartíminn	7
4.7.1 Hreinlæti	7
4.8 Hvíld	7
4.9 Útivera.....	7
4.9.1 Fataklefi	8
5. Leikurinn.....	8
5.1 Leikskilyrði og efniviður	8
5.2 Hlutverk hins fullorðna í leik barna	8
5.3 Einingakubbar / Unit blocks.....	9
6. Lífsleikni.	9
6.1 Stig af stigi.....	9
7. Náms sviðin.....	10
7.1 Menning og samfélag	10
7.2 Tónlist.....	10
7.3 Náttúra og umhverfi.....	10
7.4 Myndsköpun	11
7.5 Hreyfing	11
7.6 Málrækt	11
7.7 Tölvur	11
7.8 Hefðir og hátíðir:.....	12
8. Heiltæk skólastefna	13
9. Samskipti við aðrar þjóðir.....	13
10. Foreldrasamstarf	14
11. Starfsmannastefna	14
12. Samstarf leikskóla og grunnskóla.....	14
13. Matsaðferðir leikskólans.....	15
14. Hefðir leikskólans	15
15. Almennar upplýsingar.....	17
15.1 Þjónustumiðstöðvar.....	17
15.2 Foreldrafélag	17
15.3 Ýmislegt.....	17

Formáli

Leikskólarnir í Reykjavík starfa nú undir Leikskólasviði Reykjavíkurborgar sem tók til starfa 1. janúar 2007 eftir að hafa verið undir menntasviði í 1 og ½ ár. Leikskólinn starfar eftir lögum um leikskóla frá árinu 1994 og reglugerð við þau lög frá 1995. Lögin kveða á um að leikskólinn sé fyrsta skólastigið í skólakerfinu og í samræmi við það hefur verið gefin út aðalnámskrá leikskóla (1999) sem er stefnumótandi leiðarvísir um uppeldisstörf í leikskólum. Það er markmið og leiðarljós Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar að í leikskólum borgarinnar sé unnið metnaðarfullt fagstarf þar sem hverju barni er mætt á eigin forsendum, byggt upp gott foreldrasamstarf með virkri þátttöku foreldra og í leikskólum starfi vel menntað og áhugasamt starfsfólk.

Leikskólasvið Reykjavíkurborgar leggur áherslu á sjálfstæði hvers leikskóla til að móta sína uppeldisstefnu í samráði við foreldra og börn. Stefnan skal byggjast á sameiginlegri hugmyndafræði starfsfólks og ytri aðstæðum hvers leikskóla.

1. Leikskólinn

Leikskólinn Suðurborg er til húsa að Suðurhólum 19 í Reykjavík. Leikskólinn starfar nú í tveimur byggingum. Önnur þeirra er tveggja hæða og rúmar hún 6 deildir auk eldhúss, skifstofu og annarra sameiginlegra rýma, hin byggingin rúmar 1 deild. Leikskólinn var að hluta til tekinn í notkun 1. desember 1978 sem skóladagheimili með aðstöðu fyrir 20 börn. Í janúar 1979 var heimilið formlega og endanlega tekið í notkun og var þá þriggja deilda dagheimili auk skóladagheimilisdeildarinnar með rými fyrir 72 börn. Í desember 1981 flutti svo skóladagheimilisdeildin í nýtt húsnæði, í nágrenni Suðurborgar. Árið 1994 var skóladagheimilið lagt niður og húsnæðið tekið undir starfsemi leikskólans og hann því stækkaður um eina deild og var fimm deilda til ársins 2002. Haustið 2002 voru rými leikskólans endurmetin og þá var tveimur yngri deildum skipt upp í fjórar svo nú eru starfandi sjö deildir í leikskólanum. Í leikskólanum eru nú rými fyrir 119 börn á aldrinum eins til sex ára. Boðið er upp á breytilegan dvalartíma þ.e. frá 4 og upp í 9 tíma vistun. Leikskólinn er opin 7:30 til 17:30.

Forstöðumenn Suðurborgar frá upphafi, síðar leikskólastjórar eru

Sigríður Gísladóttir
Guðbjörg Bergs
Lilja E.A. Torp
Sigríður Þórðardóttir
Elínborg Kristín Þorláksdóttir

Deildir

Álfakot 1-3 ára börn

Dvergakot 1-3 ára börn

Huldukot 1-3 ára börn

Krílakot 1-3 ára börn

Brekkukot 3-6 ára börn

Hólakot 3-6 ára börn

Lækjarkot 3-6 ára börn

2. Uppeldis- og menntastefna leikskólans

Í leikskólanum er starfað eftir kenningum Berit Bae og John Dewey sem eru mjög ólíkar kenningar en eru báðar jafn mikilvægar í leik og starfi með börnum. Einnig er stuðst við mannauðsstefnuna er kemur að starfsmönnum.

2.1 Hugmyndafræði Berit Bae – Gagnvirkniskenningin

Í hugmyndafræði Berit Bae er áhersla lögð á samskipti og samspil milli tveggja eða fleiri einstaklinga með það að markmiði að gera hvern einstakling sjálfstæðan. Börnin læra í samskiptum, hvort við annað og við hinn fullorðna og þróa þannig með sér sitt eigið sjálf. Þróun samskipta barnanna verður því undir áhrifum af afstöðu hinna fullorðna og hvernig þeir koma fram við barnið. Mikilvægt er hinn fullorðni sé ávallt til staðar þegar samskiptin eiga sér stað og sé styðjandi og viðurkennandi en ekki gagnrýninn. Áhugi og gagnkvæm virðing skal því ríkja á milli barns og hins fullorðna. Það eru því gæði samskiptanna sem eru mikilvæg fyrir þróun sjálfsmyndar barnanna.

2.2 Hugmyndafræði John Dewey

Í hugmyndafræði Deweys er mikil áhersla lögð á frjálsa leikinn sem mikilvæg leið að menntun og þroska einstaklingsins. Samkvæmt Dewey læra börnin af sinni eigin reynslu með því að gera sjálf (learning by doing). Leikurinn verður því að vera sprottinn af náttúrulegri hvöt barnanna og þau verða þar af leiðandi virk og skapandi í leik sínum. Mikilvægt er að börnin noti sína eigin reynslu í leiknum og hún verði því órjúfanlegur þáttur í þroskaferli þeirra. Leikefni er mikilvægur þáttur í kenningu Deweys. Það þarf að vera sem raunverulegast og opið og má þar nefna raunverulegi hlutir að heiman, einingarkubba, leir og ýmislegt til listsköpunar. Umhverfið þarf einnig að vera hvetjandi og lærdómsríkt og hinn fullorðni til staðar til að leiða barnið áfram í þekkingarleit sinni.

Hugmyndir um heiltæka skólustefnu og blöndun fatlaðra og ófatlaðra er í samræmi við hugmyndafræði Dewey.

2.3. Mannauðsstefnan

Leikskólinn hefur ekki einungis markað sér stefnu sem lýtur að börnunum heldur einnig með starfsfólk sitt í huga. Þegar litið er til þeirra áherslna sem leikskólinn markar sér í starfsmannamálum verður þeim best lýst með hugmyndafræði mannauðsstefnunnar. Hún gengur út á það að starfsmaðurinn sé í stöðugri þróun og sé stöðugt að bæta við sig þekkingu. Mannauðsstefnan gengur út frá því að sem flestir fái tækifæri til að þroska og efla krafta sína og beita þeim með verkefnum sem hæfa hverjum og einum. Hver starfsmaður fær að vinna krefjandi verkefni við hans hæfi sem hafa tilgang. Með því finnst starfsmanninum hann einhvers verður og birtist það í starfsánægju hans.

3. Markmið leikskólans

Yfirmarkmið

- Að efla samskipti og vináttu
- Að örva sköpun og uppgötvun

Undirmarkmið

- Að börnunum líði sem best í leikskólanum
- Að börn og starfsfólk beri virðingu hvert fyrir öðru í daglegum samskiptum.
- Að stuðla að góðum samskiptum milli leikskóla og heimilis.
- Að bjóða upp á efnivið sem ýtir undir sköpunargleði og forvitni barnanna.
- Að leggja áherslu á frjálsan leik sem leið til menntunar og þroska barnsins.
- Að unnið sé markvisst að því að efla sköpunarhæfni og tjáningu barnsins í skipulögðu starfi.

Leiðir að settum markmiðum eru farnar í gegnum dagskipulagið okkar og daglegt líf í leikskólanum s.s. í gegnum leikinn, val, smíðju, hreyfistund, matmálstíma, fataklefa, hreinlætisvenjur, hvíld, samverustund, móttöku barna o. f.l.

4. Daglegt líf í leikskóla

Í því fellst að annast börnin líkamlega og andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd og skapa náin tilfinningatengsl og trúnaðartraust milli barna og starfsfólks.

Dagskipulag yngri deildar

7:30	Leikskólinn opnar
7:30-8:30	Rólegir leikir
8:30- 9:00	Morgunmatur
9:00-9:15	Morgunstund
9:15-10:00	Hópastund
10:15-11:15	Útivera
11:15-11:30	Söngstund
11:30-12:00	Hádegismatur
12:00-13:00	Hvíld
13:00-14:45	Róleg stund/útivera
14:45-15:15	Síðdegishressing
15:15-15:30	Sögustund
15:30-17:00	Frjáls leikur
17:00-17:30	Sameinast í sal
17:30	Leikskólinn lokar

Dagskipulag eldri deildar

7:30	Leikskólinn opnar
7:30-8:30	Rólegir leikir
8:30- 9:00	Morgunmatur
9:00-9:15	Morgunstund
9:15-10:15	Hópastund
10:15-11:30	Val/frjáls leikur
11:45-12:00	Samverustund
12:00-12:30	Hádegismatur
12:30-13:00	Hvíld
13:00-14:45	Útivera
14:45-15:15	Síðdegishressing
15:15-15:30	Samverustund
15:30-16:30	Val/frjáls leikur
17:00-17.30	Sameinast í sal
17:30	Leikskólinn lokar

4.1 Móttaka barna

Markmið

- Að bæði börnum og foreldrum líði vel að koma í leikskólann
- Að barnið finni fyrir öryggi
- Að foreldrum líði vel með að skilja barnið sitt eftir í leikskólanum

Mikilvægt er að vel sé tekið á móti börnunum þegar þau koma á morgnana en það getur skipt sköpum fyrir líðan barnsins allan daginn ef vel er tekið á móti því. Taka skal eins á móti öllum börnum þ.e. starfsmaður standi upp og gangi á móti barninu og ávarpi það með nafni og bjóði því góðan dag. Aðstoða barnið til að komast inn í hópinn sem fyrir er ef þörf er á. Jafn mikilvægt er að skila barninu vel af sér í lok dags þannig að það finni að það er velkomið aftur daginn eftir. Einnig er mikilvægt að taka vel á móti foreldrum.

4.2 Morgunstund

Markmið

- Að dagskipulagið verði sýnilegra fyrir börnin
- Að börnin viti hvernig dagurinn líður
- Að börnin kynnist árstíðum, mánuðum og dögum.

Á hverri deild byrjar dagurinn á morgunstund þar sem farið er yfir athafnir dagsins á sjónrænan hátt. Það fer þannig fram að hver stund dagsins á sína mynd sem síðan eru raðaðar í rétta röð eftir því hvernig dagurinn á að ganga fyrir sig. Hluti af sjónræna dagskipulaginu er að ræða um veðrið og setja upp tilheyrandi myndir af klæðnaði fyrir útiveru dagsins. Einnig förum við yfir vikudaga og mánuðina. Börnin taka fullan þátt í að setja upp dagskipulagið og með tímanum eru þau farin að þekkja það mjög vel.

4.3 Val

Markmið

- Að stuðla að markvissu uppeldisstarfi
- Að búa börnunum lærdómsríkt leikumhverfi.
- Að börnin verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífældri þróun.

Í valinu fær barnið tækifæri til þess að velja sér leikefni sjálft og tekur ábyrgð á þeirri ákvörðun. Þannig stuðlum við að því að barnið þori og vilji takast á við hið óþekkta, verði gagnrýninn einstaklingur sem getur valið og hafnað í lífinu.

Valið er inn á hverri deild fyrir sig og velja börnin einu sinni til tvisvar á dag eftir deildum. Á hverju valsvæði/leiksvæði eru 4 – 5 börn. Börnin fá að velja til skiptis og eru því ýmist fyrst eða síðust og allt þar á milli þannig að öll hafa þau sömu möguleika.

4.4 Hópastund

Markmið

- Að læra að starfa í hóp að sameiginlegu markmiði
- Að auka samskiptahæfni
- Að víkka sjóndeildarhringinn.
- Að kynnst menningu, listum, umhverfi og náttúru
- Að auka málþroska og fínhyringar

Leikskólinn leggur mikla áherslu á hópastund. Í hópastundinni er börnunum á hverri deild skipt niður í 4-10 barna hópa. Hópastund fer fram fjórum sinnum í viku, ýmist inni á deild, úti eða í vettvangsferðum. Þar er unnið í könnunarleik, málþroskaverkefnum, fræðslu og fínhyringverkefnum og tengjast þau þema vetrarins. Sem dæmi um þema má nefna „þjóðirnar okkar“ og „náttúran og íslensku dýrin“ og „ævintýri“. Sami starfsmaðurinn sinnir sama hópnum allan veturinn til að fá ákveðna samfellu í starfið og að börnin njóti öryggis. Börn sem eru saman í hóp, læra að þekkja hvert annað og að treysta hvert öðru sem er grundvöllur að góðu samstarfi og vináttu. Einnig skipuleggur hver deild fyrir sig ákveðnar ferðir s.s ferð á bókasafnið, gönguferðir í nánasta umhverfi og ferðir á listsýningar og tónlistarviðburði.

4.4.1 Könnunarleikurinn fyrir yngstu börnin

Markmið

- Að börnin kynnist ýmsum möguleikum efniviðsins
- Að börnin prófi sig áfram á eigin forsendum
- Að börnin fái ró og næði til könnunar
- Að örva málþroska og hugtakaskilning barnanna

Könnunarleikurinn fer fram í lokuðu herbergi þar sem börnin eru í 3-4 barna hóp ásamt einum starfsmanni. Börnin fá ýmskonar leikfni og er ætlunin að börnin kanni það og mismunandi möguleika þess. Hlutirnir sem börnin fá í leiknum eru ekki venjuleg plastleikföng úr búð heldur eru þetta alls konar hversdagslegir hlutir svo sem stórar dósir, tréklemmur, keðjur, gamlir lykklar og gardínurhvir. Hlutverk starfsmanns í leik barnanna er að fylgjast með án afskipta en grípa inni ef þörf krefur. Í lok leiksins læra börnin ýmis hugtök þar sem þau aðstoða starfsmanninn við að taka saman. Starfsmaður leiðir börnin áfram með stuttum og skýrum setningum eins og “komdu með stóru dósina” og “líttu fyrir aftan þig” og svo framvegis.

4.5 Smiðjan

Hjá okkur er starfrækt svokölluð „Smiðja“. Smiðjan gengur út á það að hvert barn í leikskólanum fær ákveðinn tíma í Smiðju og vinnur þar skapandi starf tengt myndlist, tónlist og hreyfingu. Hverri deild er skipt í tvo til þrjá hópa og fær hver hópur ákveðinn tíma í salnum. Á eldri deildunum fær hver hópur ca. 1 klst. en á yngri deildunum er hver hópur í ca. 30. mínútur. Í smiðjunni er einn starfsmaður sem tekur á móti börnunum í salnum og fer með þau í skipulögð verkefni tengd hreyfingu og tónlist. Á meðan einn hópur er í salnum fara hin börnin í myndlist með starfsmönnum deildarinnar. Smiðjan er starfrækt einu sinni í viku á hverri deild yfir vetrarmánuðina.

4.6 Samverustund

Markmið

- Að efla börnin í framsögn og tjáningu og læra að hlusta og virða hvert annað.
- Að allir fái tækifæri til þess að tjá sig.

Samverustundir eru á hverjum degi í leikskólanum og eru ýmist með allri deildinni eða skipt niður í hópa. Í samverustundum er ýmist sungið, lesið eða sagðar sögur auk þess er farið í ýmsa leiki svo sem söngva- og hreyfileiki. Mikil umræða fer einnig fram í samverustundum og er mikilvægt að öll börnin fái tækifæri til að tjá sig.

4.7 Matartíminn

Markmið

- Að börnin læri að bjarga sér sjálf við matarborðið og skammta sér hæfilega
- Að þau læri að borða fjölbreyttan mat
- Að þau læri að virða borðsiði og taka tillit til annarra.
- Að börnin læri að nota hugtök og auka málnotkun sína

Á matmálistímum er lögð áhersla á rólegt andrúmsloft, að börnin fái tækifæri til að tjá sig og læra að hjálpa sér sjálf eftir bestu getu. Hinn fullorðni er alltaf fyrirmynd hvað varðar borðsiði við matarborð.

4.7.1 Hreinlæti

Markmið

- Að börnin læri að hreinlæti sé mikilvægur hluti af daglegu lífi

Í leikskólanum er lögð áhersla á mikilvægi hreinlætis. Börnin fara og þvo sér á ákveðnum tíma dagsins t.d fyrir matmálistíma, eftir salernisferðir og eftir þörfum.

4.8 Hvíld

Markmið

- Að börnin hvílist og eigi rólega stund í amstri dagsins.

Áhersla er lögð á það í hvíldinni að skapa rólegt og þægilegt andrúmsloft. Á eldri deildum er annað hvort hlustað á sögu/tónlist af geisladisk eða lesin bók. Á yngri deildum er áhersla lögð á að börnin fái þann svefn sem þau þurfa, en farið er eftir þörfum barnanna hvort þau sofi úti í vagni eða inni á dýnu. Hlutverk starfsmanns er að liggja hjá börnunum og veita þeim öryggi. Það er svo í höndum foreldra að segja til um hvort og hversu lengi barnið má sofa.

4.9 Útivera

Markmið

- að efla alhliða þroska og styrkja grófhreyfingar.
- að auka vellíðan, styrk og þol og fullnægja hreyfiþörf.
- að börnin fái að kynnast mismunandi efnivið náttúrunnar.
- að börnin fái frískt loft

Í útiveru er áhersla lögð á frjálsan leik barnanna undir eftirliti starfsfólks. Þar gefst börnunum einnig kostur á að eiga samneyti við börn af öðrum deildum leikskólans.

Einnig fá þau að kynnast því að leika sér t.d. á grasi, malbiki, sandi, brekku og í kringum gróður. Á veturna förum við út a.m.k. einu sinni á dag ef veður leyfir. Á sumrin þegar birta tekur förum við út 2 sinnum á dag, þá bæði fyrir og eftir hádegi. Á sumrin þegar börnin eru meira úti færast skipulagða starfið út og við tekur s.s. sumarval, hreyfímanuður og gönguferðir.

4.9.1 Fataklefi

Markmið

- Að gera börnin sjálfstæð og að þau læri að hjálpa sér sjálf eftir bestu getu.
- Að börnin læri að sýna hvert öðru tillitsemi og samhjálp.
- Að börnin læri að ganga frá eftir sig.
- Að efla málnotkun og hugtakaskilning

Farið er með börnin í litlum hópum í fataklefann þegar verið er að klæða út/inn og fara að minnsta kosti tveir starfsmenn með þeim til aðstoðar. Hlutverk starfsmanna er að hvetja börnin til sjálfshjálpar og aðstoða þau við að velja réttan fatnað í samræmi við veður.

5. Leikurinn

Í öllum sínum fjölbreytileika er leikurinn undirstaða alls leikskólastarfs. Leikurinn er talinn mikilvægasta náms- og þroskaleið barnsins og órjúfanlegur þáttur í öllu þroskaferli þess. Með honum eflir barnið alhliða þroska sinn þ.e.a.s. líkams-, tilfinninga-, félags-, vitsmuna-, siðgæðis- og fagurþroska. Leikurinn er samt sem áður ekki einungis náms- og þroskaleið heldur er hann einnig aðal lífstjáning og gleðigjafi barnsins.

Í leik lærir barnið í gegnum reynslu sína og upplifanir. Leikurinn er því einskonar sjálfsnám þar sem barnið lærir margt sem enginn annar getur kennt því. Leikurinn einkennist því að sköpunarhæfni barnsins og að barnið geti stjórnað honum sjálf.

Barnið leikur þá atburði sem það hefur séð í umhverfi sínu, en einnig mótast leikurinn að hugmyndaflugi barnanna og leikurinn þróast oft í samráði við leikfélagana. Með leiknum læra börnin að taka tillit til sjónarmiða annarra og að vinna saman.

5.1 Leikskilyrði og efniviður

Leikefnið miðast við þroska og aldur barnanna og er það haft raunverulegt og uppfyllt af möguleikum þannig að börnin læri í gegnum leikinn.

Börnin þurfa einnig mikinn tíma og rými til að skipuleggja og setja upp leikinn og til að þróa hann og dýpka. Þess vegna er mikilvægt að gefa börnunum góðan og samfeldan tíma og gott rými til leiks samhliða vönduðu og fjölbreyttu leikefni til skapandi leiks.

5.2 Hlutverk hins fullorðna í leik barna

Í leiknum þurfa börn að fá að leika sér og kanna á eigin forsendum. Þó svo að börnin leiki á eigin forsendum þarf hinn fullorðni samt sem áður að vera áhugasamur um leik þeirra og virða hann sem námsleið. Hinn fullorðni þarf að vera tilbúinn til að taka þátt í leik barnanna á þeirra forsendum en ekki að taka stjórnina af þeim. Með því að taka þátt í leiknum, vera til staðar og örva hann veitir hinn fullorðni barninu öryggi, vekur upp áhuga, getur svarað spurningum, spurt spurninga og frætt börnin í gegnum leikinn. Leikurinn verður einnig oft skemmtilegri og þróaðri ef hinn fullorðni leikur með.

5.3 Einingakubbar / Unit blocks

Í leikskólanum eru einingakubbar notaðir sem kennslutæki. Hugmyndasmiður kubbanna er Carolene Pratt, bandarískur barnakennari, fædd árið 1867. Carolene var undir áhrifum svokallaðar framfarastefnu og Johns Dewey. Hún taldi eins og Dewey að börnin lærðu í gegnum leikinn. Einingakubbarnir eru þannig upp byggðir að þeir eru af mismunandi stærðum en eru þó allir mótaðir út frá einum grunnkubb (einingakubb). Grunnkubburinn felur í sér eiginleika samhverfu og reglufestu og hin ílanga lögun hans gerir hann að hentugu byggingarefni. Byggingamöguleikarnir eru endalausir og í leiknum fá börnin tækifæri til að endurspeglu reynsluheim sinn og vinna úr honum. Kubbarnir þroska huga barnanna þar sem þau hafa m.a. tækifæri til þess að auka orðaforða sinn, læra samvinnu, læra að bera virðingu fyrir verkum annarra, læra tölur, stærðir, rúmmál, lögun o.mfl.

6. Lífsleikni.

Markmið

- Að verða færari í samskiptum við aðra
- Að læra að bera virðingu fyrir umhverfi sínu
- Að læra að þekkja eigin tilfinningar og hafa stjórn á þeim
- Að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum

Lífsleikni byggist á alhliða þroska barns, færni þess til samskipta, rökrænnar tjáningar og til að bera virðingu fyrir umhverfi sínu.

Í leikskóla ber að efla lífsleikni barna, kenna þeim lýðræðisleg vinnubrögð og gefa þeim tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri.

Lífsleikni felst m.a. í því að styðja börnin í því að virða settar reglur og gefa þeim kost á að leysa úr eigin málum og deilum á friðsamlegan hátt og virða rétt annarra. Í öllu okkar starfi fléttast inn nám í lífsleikni og tengist það alhliða þroska barna. Hinn fullorðni er fyrirmynd barnanna og kennir þeim reglur og að virða þær. Mikilvægt er að reglurnar séu skýrar og að allir fari eftir þeim. Rætt er við þau um umhverfisvitund, virðingu gagnvart náunganum, umburðarlyndi og annað það sem tengist því að vera virkur þátttakandi í lýðræðislegu þjóðfélagi.

6.1 Stig af stigi

Markmið

- Að skilja aðra og láta sér lynda við þá
- Að leysa úr vanda og nota til þess félagslegan skilning
- Að kunna að umgangast reiði og draga úr æsingi

Stig af stigi er þjálfunaraðferð til að auka félags- og tilfinningaþroska barna. Í námsefninu eru þrjú kaflar *innlifun*, *að leysa úr vanda og sjálfsstjórn*. Námsefnið byggist á harðspjaldamyndum af tilfinningum og atburðum sem börnin læra lesa úr og hvernig bregðast eigi við. Einnig er stuðst við handbrúður, söngva og hlutverkaleiki.

Leikskólarnir í hverfinu ásamt grunnskólanum höfðu samráð um að taka námsefnið Stig af stigi inn í vinnu sína því það er ætlað börnum 4-10 ára. Í leikskólanum læra þau fyrsta stigið.

7. Námssviðin

7.1 Menning og samfélag

Markmið

- Að kenna börnunum reglur samfélagsins
- Að víkka sjóndeildarhring barnanna
- Að kynna börnunum íslenska siði fyrr og nú
- Að opna augu barnanna fyrir því að samfélög eru ólík

Mikilvægt er að börnin og leikskólinn séu í lifandi tengslum við samfélagið bæði atvinnulífið, þjóðlegar hefðir og hefðbundna hátíðisdaga.

Börn búa við mismunandi uppeldisskilyrði, eru úr ólíkum fjölskyldugerðum og eru af ólíku bergi brotin.

Í íslensku þjóðlífi eru ýmsar hátíðir og hefðir sem börn kynnast og taka þátt í á ýmsan hátt í leikskólanum.

Börn þurfa að læra að hver þjóð hefur sín sérkenni og sína sérstæðu menningu sem ber að meta og virða.

Leikskólanum ber að rækta virðingu barnanna fyrir öðrum, hver sem uppruni þeirra er, lífsviðhorf, tunga eða trúarbrögð. Við hér í Suðurborg höfum lagt ríka áherslu á mismunandi þjóðerni fólks. Unnið hefur verið með ólíka menningaheima þar sem áhersla hefur verið lögð á að kynna þjóðfána og tungumál einstakra þjóða. Þá hefur foreldrum verið gefinn kostur á að koma með hluti frá heimalandi sínu og sýna og kynna þá fyrir börnunum.

7.2 Tónlist

Markmið

- Að þroska næmni fyrir hljóðum, hreyfingu og hrynjanda
- Að efla frumkvæði og frjálsa skapandi tjáningu og túlkun á tónlist

Tónlist er dýrmætur þáttur í allri þjóðarmenningu. Allar þjóðir eiga menningararf á sviði tónlistar sem fylgir einni kynslóð til annarrar og veitir þeim gleði og lífsfyllingu. Tónlist er því mikilvæg fyrir alhliða þroska barnsins, ekki eingöngu sem þáttur í faguruppeldi heldur einnig til að efla tilfinninga-, hreyfi- og vitsmunaprof þeirra. Fyrir utan söng í samverustundum fer tónlistarkennslan fram í smíðjunni.

7.3 Náttúra og umhverfi

Markmið

- Að börnin upplifi náttúruna að eigin raun
- Að börnin læri að bera virðingu fyrir náttúrunni
- Að börnin kynnist sínu nánasta umhverfi

Öll upplifun úti í náttúrunni skerpir skilningarvitin og möguleikar til hreyfingar, leikja og náttúruskoðunar eru óþrjótandi. Útivera er öllum holl og auk útverunnar í garðinum eru margir möguleikar í nánasta umhverfi leikskólans.

Við förum í gönguferðir um nánasta umhverfi og upplifum náttúruna á okkar hátt.

7.4 Myndsköpun

Markmið

- Að efla og örva sköpunargleði og tjá hugsanir í myndrænu formi.
- Að kenna börnunum að meðhöndla áhöld og efnivið
- Að barnið læri að skynja og skilja list

Myndsköpun er tjáningarform sem veitir börnunum útrás fyrir tilfinningar sínar og eflir sköpunargáfu þeirra og færni í samhæfingu augna og handa. Þá öðlast þau einnig kunnáttu í meðferð og blöndun lita.

Myndsköpun á sér meðal annars stað í hópastarfi, smíðju og öðru daglegu starfi.

7.5 Hreyfing

Markmið

- Að efla hreyfiproska barnanna
- Að auka snerpu og þol
- Að efla gróf- og fínhreyfingar barnanna

Börn hafa ríka þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Öll hreyfing stuðlar að andlegri og líkamlegri vellíðan. Hreyfing hefur áhrif á heilsu, snerpu, og þol. Leggja ber áherslu á að barnið læri ýmis stöðuhugtök og átti sig á rými, fjarlægðum og áttum. Hreyfing og útivera eru samtengdir þættir. Í útiveru komast börn í snertingu við náttúruna, skynja nánasta umhverfi sitt og læra að meta það. Við leikskólann er stór og góður garður sem býður upp á mikla möguleika í grófhreyfingum. Einnig er hér stór salur sem hver deild hefur afnot af tvisvar í viku ýmist til frjálstra eða skipulagðra hreyfistunda.

7.6 Málrækt

Markmið

- Að auka orðaforða og skilning á hugtökum
- Að ná tókum á tungumálinu og auka tjáskipti
- Að hvetja barnið til samtala og endursagna.

Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til boðskipta.

Það er snar þáttur í menningu þjóða og tengir fólk saman og eflir

samkennd þess. Arfur þjóða gengur milli kynslóða í samtölum og sögum.

Mikilvægt er að málörvun fléttist inn í daglegt starf leikskólans á sem fjölbreytilegastan hátt. Markmiðunum náum við fram með því að tala við börnin, lesa fyrir þau og kenna þeim þulur, rím og ný hugtök, örva hlustun og framsögn. Við leikskólann eru starfandi málörvunarhópar en þar eru þau börn sem að einhverjum orsökum eiga erfiðara með að tileinka sér málið.

7.7 Tölvur

Markmið

- Að börnin hafi aðgang að tölvum til að jafna uppeldisskilyrði þeirra
- Að börnin læri að nýta sér tölvuna sem eitt af leikefnum leikskólans

Samkvæmt Aðalnámskrá skulu tölvur vera í leikskólanum þannig að barnið kynnist tölvu og læri að nota hana á sinn hátt. Ein tölvu er á hverri eldri deild leikskólans

sem börnin hafa aðgang að. Í tölvunni geta verið 2 börn hverju sinni og skiptast þau á. Tölvan er aðgengileg allan daginn og geta því nokkur börn farið í tölvuna á degi hverjum.

7.8 Hefðir og hátíðir:

Í öllum menningarsamfélögum skapast ákveðnar hefðir og fastir viðburðir sem börnin taka þátt í á heimilum sínum. Það er einnig hlutverk leikskólans að styðja við þessa siði og veita börnunum innsýn í hefðir þjóðfélagsins.

Þorrablót:

Allir í leikskólanum fá þorramat einu sinni á þorranum. Þennan dag fá börnin víkingakórónur sem þau hjálpa til við að útbúa. Einnig eru æfð þorralög með börnunum. Eldri deildir sameinast í salnum á þorrablótí.

Bolludagur:

Búnir eru til bolluvendir fyrir bolludaginn. Á sjálfan bolludaginn eru borðaðar bollur í hádeginu (kjöt-eða fiskibollur) og í kaffinu fá allir rjómbollur.

Sprennidagur:

Allir borða saltkjöt og baunir í hádeginu.

Öskudagur:

Börnin koma með furðuföt að heiman og klæðast þeim þennan dag. Boðið er upp á andlitsmálningu í leikskólanum. Haldið er furðufataball í salnum og kötturinn sleginn úr tunnunni.

Páskar:

Börnin fá fræðslu um páskahátíðina og ástæðu þess að við höldum upp á páskana.

Dagur íslenskrar tungu:

Fengin er utanaðkomandi aðili til að lesa sögur eða ljóð fyrir börnin.

1.des:

Á fullveldisdaginn er borðað hangikjöt og börnin frædd lítillega um daginn.

Jólin:

Lögð er áhersla á að hafa desembermánuð rólegan og þægilegan og er rætt við börnin um kærleika og frið og þau frædd um tilgang jólahátíðarinnar.

Þrettándinn.

Dansað er kringum jólatré í salnum og sungin jóla- og áramótalög.

8. Heiltæk skólastefna

Markmið

- Að leikskólinn taki tillit til hvers einstaks barns svo að það fái notið sín í hópi annarra barna á eigin forsendum.
- Að bjóða börnunum öruggt umhverfi svo það geti þroskast og dafnað á eðlilegan hátt
- Að öll börn geti nýtt sér þau tækifæri sem leikskólinn býður upp á.
- Að auka færni barnsins á ákveðnum sviðum
- Að börn af erlendum uppruna aðlagist okkar menningu

Börn hafa mismunandi þroska og getu. Taka þarf mið af þörfum hvers og eins. Mikilvægt er að þau börn sem á einhvern hátt eru fötluð eða með tilfinninga- og / eða félagslega erfiðleika taki fullan þátt í daglegu starfi leikskólans. Gæta þarf þess að barn einangrist ekki heldur njóti félagslegra tengsla og aðlagist barnahópnum. Þá er einnig mikilvægt að börnin fái þá séraðstoð sem þau þurfa á að halda. Hér í Suðurborg erum við með stuðning inni á deildum fyrir þá sem það þurfa. Í því felst að barnið fær meiri aðstoð en önnur börn í daglega starfinu, en um leið nýtur barnahópurinn þess. Einnig erum við með málörvunarhópa, notum tákni með tali með öllum börnunum og setjum dagskipulagið upp á sjónrænan hátt. Hjá leikskólunum í Reykjavík er starfandi ráðgjafa og sérfræðipjónusta sem er hópur sérmenntaðra einstaklinga sem sjá um alla sérfræðipjónustu og ráðgjöf. Þessi þjónusta er nú starfrækt í svokölluðum þjónustumiðstöðvum en þær eru staðsettar víðsvegar um borgina og sinna hver sínu hverfi.

9. Fjölmennningarlegur leikskóli

Markmið

- Að börnin læri að hver þjóð hefur sín sérkenni og sína sérstæðu menningu sem ber að meta og virða.
- Að börnin læri að bera virðingu fyrir öðrum, hver sem uppruni þeirra, lífsviðhorf, tunga eða trúarbrögð eru.

Í leikskólanum eru að jafnaði börn frá mörgum ólíkum þjóðernum og hefur það auðkennt starf okkar undanfarin ár. Í leikskólanum eru starfandi málörvunarhópar og stendur tví- og þrítyngdum börnum til boða aðstoð ef þörf er á. Á öllum deildum er sjónrænt dagskipulag sem hjálpar börnunum af erlendum uppruna að sjá hvernig dagurinn er. Þegar barnið byrjar í leikskólanum er tekið á móti því samkvæmt móttökuáætlun sem leikskólinn starfar eftir. Foreldrar geta fengið tülk með sér í viðtöl sem leikskólinn útvegar ef þeir óska eftir því. Á hverju ári tökum við fyrir verkefni sem heitir „þjóðirnar okkar“. Þar er unnið með ýmislegt sem tengist því landi sem börnin í leikskólanum koma frá hverju sinni. Þannig fá öll börn í leikskólanum að kynnst menningu annarra þjóða.

10. Foreldrasamstarf

Markmið

- Að veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans.
- Að veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum.
- Að rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna.

Þegar barn byrjar í leikskólanum eru foreldrar boðaðir í viðtal við deildarstjóra þar sem starfsemi leikskólans er kynnt. Gerður er dvalarsamningur þar sem foreldrar ákveða hversu lengi barnið dvelur í leikskólanum dag hvern. Foreldraviðtöl eru tvisvar sinnum á ári þar sem foreldrar fá upplýsingar um þroska barnsins og líðan þess í leikskólanum. Einnig fá foreldrar ýmsar upplýsingar frá starfsmönnum í daglegum samskiptum, á upplýsingatöflum og á auglýsingum sem hanga uppi á deildum. Nokkur fréttabréf eru gefin út á ári hverju með upplýsingum um það hvað við erum að gera. Við leikskólann er starfandi foreldrafélag sem stendur fyrir ýmsum uppákomum í samvinnu við leikskólann. Öll börn sem byrja í leikskólanum fá möppu með upplýsingum um leikskólann þar á meðal lög og hlutverk foreldrafélagsins. Aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn einu sinni á ári þar sem lagðir eru fram ársreikningar og fram fer kosning á nýjum meðlimum í stjórn.

11. Starfsmannastefna

Markmið

- Að nýta hæfni hvers og eins.
- Að efla jákvæðni og virða skoðanir hvers annars
- Að efla þekkingu og áhuga í starfi

Gott samstarf byggist á heiðarleika, jákvæðni og hreinskilni. Áhersla er lögð á vellíðan starfsmanna og mikilvægi þess að hver og einn fái notið sinna hæfileika. Rík áhersla hefur verið lögð á endur- og símenntun starfsfólks sem felst í því að hver starfsmaður fer að lágmarki á tvö námskeið á ári. Þá er einnig haldinn námskeiðsdagur í leikskólanum auk reglubundinnar fræðslu á starfsmannafundum.

12. Samstarf leikskóla og grunnskóla

Í Aðalnámskrá leikskóla frá 1999 segir að mikilvægt sé að samstarf sé á milli leikskóla og grunnskóla til að stuðla að samfelli í uppeldi og menntun barnsins. Barnið á að upplifa grunnskólann sem eðlilegt framhald af leikskólanum.

Við í leikskólanum Suðurborg höfum verið að þróa samstarf við grunnskólann í hverfinu sem á að auðvelda börnunum flutninginn á milli skólastiga. Helstu áherslur í samstarfinu eru:

- Börnin fara í fjórar ólíkar heimsóknir í grunnskólann.
- Góð skil eru á milli skólastiga um stöðu barns í lok leikskólagöngu sem unnið er af leikskólunum í hverfinu í samvinnu við grunnskólann.
- Gott samstarf um efni og áherslur í vinnustundum elstu barna.

Í skólanámskrá elstu barna eru gerð góð skil á vinnustundum þeirra og leiðum að settum markmiðum. (sjá viðhengi).

13. Matsaðferðir leikskólans

Í leikskólanum er stuðst við þrjár skipulagðar matsaðferðir, þ.e. ECERS kvarðinn þar sem metnar er aðstæður og aðbúnaður leikskólans. Deildarstjóri hverrar deildar í samvinnu við starfsfólk sitt fyllir út eyðublöð um viðburði ársins og metur hvernig til tókst. Að lokum er gerð foreldrakönnun hvert ár ýmist frá Leikskólum Reykjavíkur eða frá leikskólanum sjálfum. Í matinu kemur fram hvað betur mætti fara í starfi og jafnframt er haldið í það góða sem fram hefur farið.

14. Hefðir leikskólans

Afmæli:

Börnin fá að ráða hvort þau velja köku, kex eða saltstangir á afmælisdaginn til að bjóða upp á. Haldið er uppá afmælin í hádeginu eða í kaffitímanum allt eftir því hvað hentar hverju barni. Hvert barn fær kórónu á afmælisdaginn. Afmælissöngurinn er sunginn og reynt er að gera daginn skemmtilegan fyrir barnið

Afmæli leikskólans:

Einungis er haldið upp á afmæli leikskólans á stórafmælum.

Myndlistasýning:

Haldin er myndlistasýning í Hólagarði þar sem leikskólarnir Suðurborg, Hólaborg og Hraunborg hengja upp eitt verk eftir hvert barn.

Opið hús:

Á vorin er opið hús í leikskólanum þar sem afrakstur vetrarstarfsins er sýndur. Opnu húsin eru á laugardögum og gefst fjölskyldum barnanna kostur á að koma og skoða leikskólann og verk barnanna. Foreldrafélagið stendur fyrir veitingasölu þennan dag.

Útskriftarferð:

Elstu börnin í leikskólanum fara í útskriftarferð að vori þar sem þau gista í eina nótt með starfsmönnum. Farið er í sumarþúðirnar Ölver.

Útskriftarveisla:

Í lok maí eru elstu börn leikskólans formlega útskrifuð. Útskriftin fer fram í sal leikskólans þar sem foreldrum er boðið að vera með. Börnin fá útskriftarskjal og eru með skemmtiatriði. Boðið er upp á veitingar.

Sveitaferð:

Á vorin fer leikskólinn í sveitaferð í boði foreldrafélagsins. Annað hvert ár er farið á bæinn Grjóteyri við Meðalfell í Kjós og annað hvert í Töfragarðinn á Stokkseyri. Þar eru dýrin skoðuð, borðað nesti og leikið sér í leiktækjunum á staðnum.

Kirkjuferð:

Um miðjan desember fer allur leikskólinn í kirkju þar sem presturinn ræðir við börnin um jólahátíðina og sungin eru jólalög.

Litlu jólin: Í desember er haldið jólaball í sal leikskólans. Jólasveinar koma í heimsókn og syngja með þeim. Seinnipart dags er svo foreldrum boðið að koma og þiggja aðventukaffi.

Jólagjafir:

Börnin búa til jólagjafir handa foreldrum sínum með aðstoð starfsfólks. Einnig er búið til jólaskraut.

Páskar:

Börnin fá fræðslu um páskahátíðina og ástæðu þess að við höldum upp á páskana. Fyrir páskana er búið til páskaskraut. Elstu börnin í leikskólanum fara í kynnisferð í Nóa Sírius og fá að fylgjast með framleiðslu páskjaeggja.

Sumarhátíð:

Sumarhátíðin er haldin í júní í tilefni þjóðhátíðar. Farið er með leikskólunum Hólaborg og Hraunborg í skrudgöngu. Lúðrasveit leikur í skrudgöngunni og sungin eru lög. Að skrudgöngu lokinni eru skemmtiatriði á dagskrá og að þeim loknum heldur hver leikskóli heim til sín. Komið er heim í skreyttan garð og þá eru léttar veitingar í boði fyrir börn, foreldra og starfsfólk.

Hreyfivikur:

Yfir sumartímann erum við með hreyfivikur. Þá eru í boði ýmsir leikir í garðinum á mismunandi svæðum. Starfsfólki er skipt niður á svæði en börnunum er frjálst að flakka á milli svæða að vild.

Sumarval:

Yfir sumartímann erum við með sumarval. Börnin velja sér útisvæði sem eru í boði t.d. fótbolta, búleik, gönguferðir ofl. Eldri deildirnar eru allar saman og yngri deildirnar saman. Með þessu gefst börnunum tækifæri á að blandast börnunum af öðrum deildum í leik. Einn starfsmaður frá hverri deild er á hverju valsvæði.

Kveðjuveislur:

Þegar börnin hætta í leikskólanum eða færast á milli deilda mega þau koma með eitthvað að heiman til að bjóða hinum börnunum á deildinni uppá. Við mælum þó með að þessu sé stillt í hóf.

Uppákomudagar:

Síðasta föstudag í mánuði er svokallaður uppákomudagur en þá er dagurinn brotinn upp með fyrirfram ákveðnum skemmtunum. Þetta eru bangsadagur, öfugsnúindagur, litadagur, hattadagur, náttfatadagur, Disneydagur, furðufatadagur o.fl.

15. Almennar upplýsingar

Leikskólinn Suðurborg er opinn frá kl 7.30 – 17.30 boðið er upp allt frá 4 og upp í 9 tíma vistun. Morgunmat er á milli kl 8.30 og 9.00 en hádegismatur kl. 11.30 á yngri deildum en 12.00 á eldri deildum. Síðdegishressing er kl. 14.45 hjá yngri deildum en 15.00 hjá þeim eldri.

Boðið er upp á heitan mat fjórum sinnum í viku en spónarmat og brauð einu sinni í viku.

15.1 Þjónustumiðstöðvar

Á vegum Reykjavíkurborgar eru starfandi þjónustumiðstöðvar í öllum hverfum borgarinnar. Þjónustumiðstöð Breiðholts er staðsett að Álfabakka 12. Þar er að finna leikskólaráðgjafa, sálfræðinga, félagsfræðinga og sérkennslufulltrúa sem vinna í nánú samstarfi við leikskólana. Þessir aðilar sjá um alla sérfræðiþjónustu og ráðgjöf við foreldra og starfsfólk. Foreldrar geta leitað eftir nánari upplýsingum hjá deildarstjóra eða leikskólastjóra.

15.2 Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi í leikskólanum og er foreldrum frjálst að velja hvort þeir ganga í það eða ekki.

Markmið foreldrafélagsins:

Foreldrar og starfsfólk stefna að því sameiginlega markmiði að velferð barnanna sé höfð í öndvegi. Hér er átt við að allir hafi vakandi auga með því að öll starfsemi leikskólans miðist við að barnið njóti sín sem einstaklingur og að umhverfið gefi barninu tækifæri til að læra gegnum leik.

Foreldrafélagið, í samstarfi við leikskólann, stendur fyrir opnu húsi á vorin, sumarhátíð, sveitaferð, jólaballi, leiksýningu og fleiru.

15.3 Ýmislegt

- **Leikskólagjöldin** eru innheimt mánaðarlega og fá foreldrar senda greiðsluseðla heim eða þeir geta greitt með visa , eurocard eða beingreiðslum. Þeir sem eru í greiðsluþjónustu geta nýtt sér hana.
- **Uppsagnarfrestur** er einn mánuður og miðast við mánaðamót. Heimilt er að krefjast eins mánaðar greiðslu frá uppsagnardegi, hafi reglum um uppsagnarfrest ekki verið fylgt.
- **Veikindi.** Vinsamlegast tilkynnið ef barnið er veikt eða fjarverandi. Ef barn er fjarverandi vegna veikinda í 4 vikur samfelld eða meira er heimilt að gefa eftir helming dvalargjalds gegn læknisvottorði. Æskilegt er að börn dvelji heima 1-2 sólahringa hitalaus eftir veikindi. Veik börn eiga ekki að dvelja í leikskóla. Ekki er æskilegt að börn séu inni í útveru til að fyrirbyggja veikindi nema í undantekningartilfellum. Börnin geta verið inni 1-2 daga eftir veikindi.
- **Lyfjagjafir.** Ef börn í leikskóla þurfa á lyfjum að halda ber að haga lyfjagjöf þannig að lyfin séu gefin heima en ekki í leikskólanum. Undantekning er gerð ef börn þurfa að taka lyf að staðaldri eins og astmalyf, flogaveikislyf ofl.

- **Slysavarnir.** Ef slys ber að höndum ber að tilkynna það foreldrum símléiðis og er ákvörðun tekin í samráði við foreldra um hvað gera skuli. Ef um alvarlegt slys er að ræða er hringt á sjúkrabíl. Öll slys sem verða í leikskólanum eru skráð á þar til gert eyðublað.
- **Brunavarnir.** Í leikskólanum er brunaviðvörðunarkerfi tengt stjórnstöð Securitas. Ef upp kemur eldur í leikskólanum fer í gang ákveðið ferli þar sem hver starfsmaður hefur sitt hlutverk. Brunaæfingar eru haldnar í leikskólanum ár hvert.
- **Dvalarsamningur.** Þegar barn byrjar í leikskólanum skrifa foreldrar undir dvalarsamning þar sem fram kemur viðverutími barnsins og er mikilvægt að sá tími sé virtur. Þurfi foreldrar að fá breytingar á viðverutíma barns síns ber þeim að hafa samband við leikskólastjóra og sækja um breytingu. Sækja þarf um breytingar um mánaðamót og taka þær gildi mánuði síðar.
- **Aukaföt.** Nauðsynlegt er að hafa aukaföt með barninu og þannig fatnað að þau geti verið úti hvernig sem viðrar. Föt barnanna sem og skór þurfa að vera vel merkt. Vinsamlegast verið ekki með of mikið af skóm eða fatnaði sem börnin mega ekki nota í leikskólanum.
- **Tryggingar.** Leikskólinn tekur ekki ábyrgð á fatnaði barnsins hvort sem hann týnist eða skemmist.
- **Matseðill** hangir á töflu í fataklefa.
- **Fréttabréf.** Reglulega er gefið út fréttabréf um starfsemi leikskólans. Einnig er foreldrum bent á upplýsingatöflur í fataklefum.
- **Lokunardagar.** Fyrir utan hefðbundna lokunardaga er leikskólinn lokaður fjóra daga á ári. Þ.e. fjóra starfsdaga sem nýttir eru til að undirbúa starfið og námskeiðshalds fyrir starfsfólk. Einu sinni í mánuði er leikskólinn lokaður kl. 17.00 vegna starfsmannafunda.
- **Þagnarskylda.** Starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu.

Skólanámskrá er endurskoðuð á tveggja ára fresti.

Leikskólinn Suðurborg
Suðurhólum 19
111 Reykjavík
sími: 557-3023 / 557-3723
Hólastr. 557 3220
netfang: Sudurborg@leikskolar.is

Viðhengi 1

Í Aðalnámskrá leikskóla frá 1999 segir að mikilvægt sé að samstarf sé á milli leikskóla og grunnskóla, til að stuðla að samfelli í uppeldi og menntun barnsins. Barnið á að upplifa grunnskólann sem eðlilegt framhald af leikskólanum. Við á leikskólanum Suðurborg höfum verið að þróa samstarf við grunnskólann í hverfinu sem á auðvelda börnunum flutninginn á milli skólastiga. Samstarfið er í sífelldri þróun og í samræmi við þær kröfur sem eru til staðar hverju sinni.

Í vinnu með elstu börnum er lögð áhersla á að undirbúa þau sem best fyrir komandi skólagöngu með markvissum vinnustundum og góðu samstarfi við grunnskóla hverfisins um efni og áherslur. Við notum verkefnið, brúum bilið” sem hefur verið notað í leikskólum Garðabæjar.

Umsjónaraðilar elstu barna hafa sótt námskeið í Hljóm – 2 sem er leikjapróf sem kannar hljóðkerfisvitund barna. Prófið er tekið tvisvar sinnum yfir veturinn. Fyrri prófið er lagt fyrir í október til að sjá hvar börnin standa og þá aftur í janúar til meta framfarir. Í millitíðinni er unnið sérstaklega með þá þætti sem komu slakir út. Við þá vinnu höfum við notað nýja hljóðkerfisspilið “Hljóðkerfisvitund” eftir Hugborgu Erlendsdóttur.

Vetrastarf

Markmið og leiðir.

- Að auðvelda börnunum að brúa bilið milli leikskóla og grunnskóla. *Börnin fara í 4 ólíkar heimsóknir í grunnskólann að vori til að kynnst aðstæðum. Í fyrstu heimsókn fá börnin kynningu á skólanum. Í annarri heimsókninni fara börnin ásamt leikskólakennara í heimsókn í tíma hjá fyrstu bekkingum og eiga þar góða stund.. Í þriðju heimsókninni fara börnin með foreldrum sínum og tekur grunnskólakennari við þeim og er með þeim í tvær kennslustundir. Börnin kynnst aðstæðum og venjum grunnskólans. Draga má úr kvíða og spennu með þessum heimsóknum og skólaaðlögun gengur betur að hausti þegar börnin þekkja til aðstæðna.*
- Að efla samstarf leik- og grunnskólakennara. *Leikskólarnir og grunnskólinn í hverfinu hafa unnið í sameiningu að formi um helstu upplýsingar sem við kemur barninu. Leikskólarnir vinna eftir þessu formi síðasta ár leikskólagöngu og skrá hjá sér upplýsingar um getu og þroska barnsins. Þessar upplýsingar fylgja barninu með samþykki foreldra til viðkomandi grunnskólakennara. Nauðsynlegt er að viðhalda góðu samstarfi milli leik- og grunnskóla með reglulegum fundum og endurmati því þá verður starfið árangursríkara. Þegar báðir aðilar eru meðvitaðari um starf hvors annars þá verður starfið hnitmiðara.*
- Að efla félagsþroskann. *Með vinnu í hópum þá læra börnin að taka tillit hvert til annars og sýna umburðarlyndi.*
- Efla einbeitingu, færni og úthald. *Með þjálfun ná börnin að fullklára verkefni sín, vanda vinnubrögð og fara eftir fyrirmælum. Við notum lestur bóka og endursögn sagna.*
- . *Með því að barnið læri að vera sátt við sjálft sig og æfi sig í að koma fram fyrir deildina sína og leikskólann.*

- Efla hljóðkerfisvitund
 1. með rími (hús, mús, sápa, kápa)
 2. með samstöfum (klappa orð)
 3. skoða margræð orð (tala (so), tala (no))
 4. setja saman orð (hús+bíll, húsbíll)
 5. taka í sundur orð (snjóhús, snjór+ hús)
 6. búa til setningar
 7. greina hljóð í orðum (á hvaða stafi byrjar nafn barnsins, finna önnur orð sem byrja á sama staf)
 8. tengja saman hljóð í orð (Á-S-A)
- Efla hugmyndaflug og sköpun. Með leiklist og frjálsum leik er hægt að örva börnin í hlutverkaleik, leyfa þeim að koma fram með sínar hugmyndir og útfæra.
- Efla tengsl við náttúruna og vinnustaði. Með vettvangsferðum læra börnin að bera virðingu fyrir náttúrunni í öllum hennar myndum. Einnig förum við í lengri vettvangsferðir þar sem við förum í umferðarreglurnar. Með vinnustaðaheimsóknum kynnumst við ólíkum störfum.
- Efla undirstöðuatriði fyrir lestur, ritun og stærðfræðináám. Með að hafa ritmál sýnilegt með plakötum, setningum og orðum þá læra börnin að tengja athafnir við ritmál. Málörvun er mikilvæg við lestur saga, söngur, rím, og frásögn. Rökkubbar eru notaðar til að örva rökhugsun barna.

Vettvangsferðir elstu barna

- kynning á starfi vetrarins
- bangasögustund á bókasafninu í Gerðubergi
- heimsókn á slökkviliðsstöðina
- jólaferð á Árbæjarsafnið
- heimsókn í Þjóðleikhúsið
- heimsókn í Náttúrugripasafnið
- heimsókn í Sorpu
- samstarf við eldri borgara í Gerðubergi
- símfóníutónleikar í Háskólabíó
- heimsókn í Þjóðminjasafnið
- páskaheimsókn í Nóa Síríus
- heimsókn í Fjölskyldu og húsdýragarðinn með leiðsögn
- útskriftarferð í Ölver
- sveitaheimsókn